



Um næstu helgi er Reykjavíkurmestaramótið, Reykjavík Open, í Skeet haldið á Álfsnesinu. Samhliða er keppt á Bikarmestaramóti STÍ. Þar verður skorið úr um hver hlýtur titilinn Bikarmestari STÍ 2011. Keppnin er afar hörð því fyrir mótið er Örn Valdimarsson jafn Sigurpóri Jóhannessyni að stigum. Skráningu á mótið lýkur í kvöld.